

## Bæjarráð FW: Almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum - samstarf

**Til** : Þórdís Sif Sigurðardóttir  
**Frá** : Guðmundur Gunnarsson  
**Heiti** : Bæjarráð FW: Almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum - samstarf  
**Málsnúmer** : 2016080041  
**Málsaðili** : Bæjarfulltrúar  
**Skráð dags** : 03.01.2020 15:14:31  
**Höfundur** : Guðmundur Gunnarsson

**Viðhengi** Almenningsamg\_starfshópur\_Norðanv\_Vestfirðir.docx  
[Almenningsamg\\_starfshópur\\_Norðanv\\_Vestfirðir.docx](#)  
[image002.jpg](#)[image002.jpg](#)  
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Minnisblað í viðhengi

**Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri**

450 8000 – [guðmundur@isafjordur.is](mailto:guðmundur@isafjordur.is)

---

**From:** Guðmundur Gunnarsson

**Sent:** Wednesday, December 18, 2019 9:03 AM

**To:** Jón Páll Hreinsson ; [bragi@sudavik.is](mailto:bragi@sudavik.is)

**Cc:** Sif Huld Albertsdóttir ; 'Aðalsteinn Óskarsson'

**Subject:** Almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum - samstarf

Sælir báðir,

Okkur er að takast að koma þessu verkefni á fætur en þurfum engu að síður að vinna hratt fyrir árslok. Aðalsteinn, fyrir hönd Fjórðungssambandsins, hefur sett saman minnisblað um verkefnið sem kjarnar tilganginn og afmarkar verkefni starfshópsins (sjá viðhengi).

Vegagerðin hefur samþykkt að taka þátt í verkefninu og tilnefni Geir Sigurðsson í starfshópinn. Þeir vilja þó taka fram að aðkoma Vegagerðarinnar verði í formi ráðgjafar og staðháttarþekkingar. Vegagerðin sem slík hefur þó umsjón með almenningsamgöngum á landsvísu og er nýráðinn starfsmaður kominn til starfa sem annast málaflokkinn. Það ætti því að styrkja verkefnið og stytta boðleiðir.

Sif Huld Albertsdóttir mun taka sæti Ísafjarðarbæjar í hópnum og ég gef mér að Aðalsteinn Óskarsson verði fulltrúi Fjórðungssambands.

Endilega látið mig vita hvort þið hafið einhverjar spurningar á þessu stigi varðandi minnisblaðið eða uppleggið. Og þá einnig hvort þið hafið velt fyrir ykkur hver myndi taka sæti í starfshópnum fyrir hönd ykkar sveitarfélaga. Ég á ekki von á því að bæjarráð Ísafjarðarbæjar komi saman næstkomandi mánudag en ég geri ráð fyrir að leggja þetta fyrir á fyrsta fundi nýs árs.

**Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri**

450 8000 – [guðmundur@isafjordur.is](mailto:guðmundur@isafjordur.is)

---

**From:** Aðalsteinn Óskarsson [<mailto:adalsteinn@vestfirdir.is>]

---

**Sent:** Thursday, December 12, 2019 2:17 PM

**To:** Guðmundur Gunnarsson <[guðmundur@isafjordur.is](mailto:guðmundur@isafjordur.is)>

**Cc:** Sif Huld Albertsdóttir <[sifhuld@gmail.com](mailto:sifhuld@gmail.com)>; Sigríður Kristjánsdóttir <[sirry@vestfirdir.is](mailto:sirry@vestfirdir.is)>

**Subject:** RE: Almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum - samstarf

Sæl

Hér eru drög minnisblað frá mér með tillögu um almenningssamgönguverkefni. Ef þið eru sátt þá teldi ég rétt að Ísafjarðarbær ræði innihald þess við nágrannasveitarfélög áður en lengra er haldið. Í kostnaðarmati er ég að gefa mér að tæknideild setji a.m.k. tveggja vikna vinnu í málið og síðan er það hvað Súðvíkingar og Bolvíkingar geta lagt til. En endilega fá viðbrögð frá ykkur áður en við lokum þessu fyrir bæjarráðsfund.

Kv

Aðalsteinn

---

**From:** Guðmundur Gunnarsson <[guðmundur@isafjordur.is](mailto:guðmundur@isafjordur.is)>

**Sent:** Friday, November 29, 2019 2:37 PM

**To:** Aðalsteinn Óskarsson <[adalsteinn@vestfirdir.is](mailto:adalsteinn@vestfirdir.is)>

**Subject:** FW: Almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum - samstarf

Sæll Aðalsteinn, ég framlengi hér með ósk mína um samstarf sveitarfélaga á svæðinu og Fjórðungssambands. Bæði Súðavík og Bolungarvík hafa tekið vel í erindið. Þar var jafnframt nefnd hvort skynsamlegt væri að fá Vegagerðina einnig inn í starfshópinn. Hver er þín skoðun á því?

Og hvernig sérðu starfshópinn fyrir þér?

**Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri**

450 8000 – [guðmundur@isafjordur.is](mailto:guðmundur@isafjordur.is)

---

**From:** Guðmundur Gunnarsson

**Sent:** Tuesday, November 26, 2019 8:10 AM

**To:** [bragi@sudavik.is](mailto:bragi@sudavik.is); 'Jón Páll Hreinsson' <[jonpall@bolungarvik.is](mailto:jonpall@bolungarvik.is)>

**Cc:** Þórdís Sif Sigurðardóttir <[thordissif@isafjordur.is](mailto:thordissif@isafjordur.is)>

**Subject:** Almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum - samstarf

Sælir báðir,

Á síðasta bæjarráðsfundi Ísafjarðarbæjar var mér falið að leita hófana og óska eftir samstarfi við Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp vegna almenningssamgangna á svæðinu. Mér skilst að þið kannist við málið og uppleggið. Ef vilji er til þá langar mig að heyra frá ykkur hvernig þið sjáið vinnuhópinn fyrir ykkur. Ég mun jafnframt setja mig í samband við Fjórðungssambandið vegna verkefnisins.

Bókun bæjarráðs var svohljóðandi:

#### 4. Almenningsamgöngur milli sveitarfélaga - 2016080041

Lögð er fram tillaga bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins vegna almenningssamgangna.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að óska eftir samstarfi við Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp við að endurskoða almenningssamgöngur á milli sveitarfélaganna og byggðarkjarna. Einnig að kanna möguleika á aðkomu Fjórðungssambands Vestfirðinga að verkefninu. Sé vilji fyrir slíku samstarfi er lagt til að skipaður verði vinnuhópur sem hvert sveitarfélag og Fjórðungssamband Vestfirðinga eigi fulltrúa í.*



**Guðmundur Gunnarsson**

**Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar**

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

450 8000 – [gudmundur@isafjordur.is](mailto:gudmundur@isafjordur.is) - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)